

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 465/1983, skv. lögum nr. 95/1981,
um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og
sölu á landbúnaðarvörum o. fl., með síðari breytingum.

1. gr.

11. gr. orðist þannig:

Innheimta skal við tollafgreiðslu gjald af innfluttu kjarnfóðri til 1. júní 1985.

Gjaldið skal vera 60% af innkaupsverði hinnar gjaldskyldu vöru. Innkaupsverð telst vera cif-verð vörunnar (tollverð) kominnar í innflutningshöfn.

Gjaldið skal lagt á fullunnar fóðurblöndur og hráefni í fóðurblöndur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer:

10-01-10	10-07-10	17-03-01	23-03-00	23-04-60
10-01-20	10-07-20	23-02-10	23-04-10	23-04-70
10-02-00	10-07-30	23-02-20	23-04-20	23-04-80
10-03-00	11-01-21	23-02-30	23-04-30	23-04-90
10-04-00	11-01-22		23-04-40	23-06-00
10-05-00	úr 11-01-29 blandað hænsnakorn		23-04-50	23-07-00
	11-02-21			
	úr 11-02-39 valsað bygg í lausu			

Undanskilin gjalddöku eru fóðursölt, snefilefni, herðir, bætiefni og steinefnablöndur. Einnig er undanskilið gjalddöku fóður, sem fer til fiskeldis og loðdýraræktar, enda sé það í sérmerktum umbúðum. Sama gildir um korn og vörur úr því til manneldis, sem flokkast undir ofangreint tollskrárnúmer, enda sé varan í smásöluumbúðum, 5 kg eða minna og umbúðirnar beri með sér að varan sé ætluð til manneldis. Gjald sem tekið hefur verið af korni og vörum úr því, sem nota má jafnhliða til manneldis og skepnufóðurs, en fer til manneldis, endurgreiðist skv. reglum, sem Framleiðsluráð setur og landbúnaðarráðherra staðfestir.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er ennfremur heimilt að undanþiggja gjalddöku fóður fyrir gæludýr. Þá heimild skal þó aðeins veita samtökum um ræktun þeirrar dýrategundar sem um ræðir og skulu þau annast innflutning þess fóðurs, sem er undanþegið gjalddöku. Samtökin skulu rökstyðja beiðni um undanþágu gjaldskyldu með upplýsingum um starfsemi sína og áætlun um notkun fóðurs fyrir dýr félagsmanna.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. og öðlast þegar gildi. Jafnframt er numin úr gildi reglugerð nr. 318/1984 um breytingu á reglugerð nr. 465/1983, skv. lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu 1. janúar til 30. apríl 1985 skal Framleiðsluráð landbúnaðarins greiða til Áburðarverksmiðju ríkisins hluta kjarnfóðurgjalds, er nemur kr. 2 700 á tonn af innfluttu kjarnfóðri, sem gjaldskyld er. Hagstofa Íslands reiknar út við ákvörðun búvöruverðs á þessu tímabili, hverju þessi greiðsla nemur af verði þeirra fóðurtegunda sem verð í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða er fundið eftir, skv. þeim reglum sem Hagstofan áætlaar kjarnfóðurverð við verðlagningu landbúnaðarafurða. Þessi hluti kjarnfóðurverðsins skal teljast með framleiðslukostnaði landbúnaðarafurða á áðurnefndu tímabili og koma fram í afurðaverði.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. desember 1984.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.